

# ÍRB - ALDURSFLOKKAMEISTARAR ÍSLANDS Í SUNDI 2011



## 1. SKRÁNING FYRIR NÚVERANDI SUNDMENN

Yngri og eldri núverandi sundmenn skrá sig til 22. ágúst á heimasíðum sunddeildanna. Þetta gildir um alla sem syntu með okkur á síðasta tímabili. Allir okkar sundmenn hafa verið settir í nýja hópa miðað við hæfni og getu. Sjá lista á heimasíðum, [www.keflavik.is/sund](http://www.keflavik.is/sund) og [umfn.is/sund](http://umfn.is/sund).

Ef einhver er ekki sáttur við þann hóp sem hann/hún er í verður matsdagur þann 17. ágúst kl. 16:30. Athugið að hópar geta fyllst og verður þá settur upp biðlisti. Æfingar fyrir þessa sundmenn hefjast mánudaginn 22. ágúst.

## 2. SKRÁNING FYRIR NÝJA IÐKENDUR

Nýir meðlimir verða metnir af þjálfara miðvikudaginn 17. ágúst í Vatnaveröld kl. 16:30-18:00. Allir nýir sundmenn þurfa að koma á matsdaginn með sundföt. Eftir að mat hefur farið fram getur sundmaður skráð sig og gengið frá æfingargjöldum. Allir þurfa að skila matsblaði og kvittun fyrir skráningu og greiðslu á fyrstu æfingu. Æfingar hefjast 22. ágúst.

**NÝTT SKRÁNINGARFYRIRKOMULAG GERIR FORELDNUM KLEIFT AÐ GANGA FRÁ ÖLLUM UPPLÝSINGUM HEIMA Í TÖLVUNNI.  
SJÁ NÁNAR Á [WWW.KEFLAVIK.IS/SUND](http://WWW.KEFLAVIK.IS/SUND) OG [WWW.UMFN.IS/SUND](http://WWW.UMFN.IS/SUND).**

**VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG VIÐ UPPHAF NÝS TÍMABILS!**

